

Frjálssar

Frjálssþróttakona Breiðabliks árið 2023 er: Birna Kristín Kristjánsdóttir

Birna Kristín er Íslandsmeistari kvenna í 60m grindarhlaupi innanhúss. Auk þess sem hún er margfaldur aldursflokkameistari og bikarmeistari í fjölda greina.

Í langstökki, hennar aðalgrein hefur hún átt mög gott ár og stökkið margoft yfir 6 metra, lengst stökk hún 6.11 metra sem er aðeins einum sentimetra frá Íslandsmeti U23 í greininni.

Birna Kristín tók þátt í tveimur landsliðsverkefnum á árinum: Evrópubikar Landsliða og Smáþjóðaleikunum, þar sem hún hafnaði í 3 sæti í langstökki og 4 sæti í 100m grindarhlaupi.

Af mörgum markmiðum sem Birna stefnir á á komandi ári þá stefnir hún sérstaklega á að bæta Íslandsmet U23 í langstökki.

Frjálssþróttakarlf Breiðabliks árið 2023 er: Guðjón Dunbar Diaquoi

Guðjón er ungur og efnilegur stökkvari.

Hann hefur verið að láta til sín taka undanfarin ár í Þrístökki og Langstökki og er algjörlega ósigraður í sínum aldursflokki á árinu.

Guðjón átti mjög gott innanhússtímabil með miklum bætingum og stefndi í gott sumar en því miður meiddist hann í apríl.

Þrátt fyrir að hafa lítið getað stökkið í sumar bætti hann sig þó í langstökki.

Í lok sumars Guðjón tók þátt í Norðurlandamóti U20 þar sem hann keppti í þrístökki í sameiginlegu liði Íslands og Danmerkur.

Eitt af helstu markmiðum Guðjóns á árinu er að ná lágmarki á HM U20 sem verður haldið í sumar.

Hjólreiðar

Hjólreiðakona Breiðabliks árið 2023 er: Björg Hákonardóttir (Magnús Jakobsson, afi eiginmanns Bjargar tekur við verðlaununum)

Björg varð bæði Íslandsmeistari og bikarmeistari í cyclocross á nýliðnu ári.

Einnig varð hún bikarmeistari í ólympískum fjallahjólreiðum þrátt fyrir að hafa verið úr leik í nokkrar vikur vegna handabrots. Björg varð í þriðja sæti á Íslandsmótinu í fjallahjólamaræðni.

Þá varð Björg í 1. sæti bæði í 200 km Greflinum og 100 km í The Rift.

Björg keppti einnig erlendis með góðum árangri. Hún sigraði 75km fjallahjólamaræðni í Silkeborg og í lok keppnistímabils keppti Björg einnig á heimsmeistaramótinu í malarhjólreiðum sem hún kláraði vel við erfiðar aðstæður.

Björg átti mjög gott ár í keppnishjólreiðum þrátt fyrir óhöpp en gefst aldrei upp og tekur sífelldum framförum. Hún er góður félagi og er hvatning fyrir annað hjólreiðafólk.

Hjólreiðakarlf Breiðabliks árið 2023 er: Ingvar Ómarsson (Íris Ósk Hjaltadóttir varaformaður hjólreiðadeildarinnar tekur við verðlaununum)

Ingvar hélt sigurför sinni áfram líkt og undanfarin ár, bæði erlendis en sérstaklega innanlands.

Hér heima fyrir varð hann bæði Íslandsmeistari og bikarmeistari í götuhjólreiðum og cyclocross og varð svo í 2. sæti á Íslandsmótunum í tímatöku, fjallahjólreiðum og maraþonfjallahjólreiðum.

Ingvar sigraði svo Bláalónsprautinni í enn eitt skiptið og var fyrstur Íslendinga í The Rift þar sem hann varð í 8. sæti. Einnig sigraði hann Westfjords Way Midnight Special.

Á erlendri grundu tók Ingvar þátt í 10 keppnum, þar af fjórum stórmótum. Má þar helst nefna Dirty Reiver sem Ingvar vann og var það áttundi sigur hans erlendis á ferlinum.

Hann varð svo 15. í The Traka 200 km, náði 17. sæti í Swiss Epic (UCI S1 keppni) og 37. sæti í BeMC (UCI S1 keppni).

Í tímatöku á HM var hann í 52.sæti og á EM varð hann 28.sæti tímatökunnar.

Þá má geta þess að Ingvar hefur nú verið einn fremsti hjólreiðamaður landsins í rúmlega tíu ár og keppt í næstum öllum hjólreiðagreinum sem í boði eru á landinu. Hann á jafnframt lengsta feril Íslendinga í landsliðinu og leggur sig fram um að vera til fyrirmyndar og miðla af reynslu sinni og þekkingu á hjólreiðum.

Hlaupahópur

Hlaupakona Breiðabliks árið 2023 er: Lilja Dögg Stefánsdóttir

Lilja er orðin ansi reyndur hlaupari og er ansi framarlega meðal jafningja í faginu.

Hún tók meðal annars þátt í London maraþoninu þar sem hún hljóp á tímanum 3.34.52 sem var 16. besti tími ársins í kvennaflokki í maraþoni.

Lilja hljóp heilt maraþon í Reykjavíkumaraþoninu og var fyrst í sínum aldursflokki þrátt fyrir að skrá sig í heilt maraþon á síðustu stundu þar sem fullt var í hálfm maraþon.

Hún er að vinna að því að klára sex stærstu maraþon heims og á núna aðeins eftir Tókýó en það verður mjög gaman að fylgjast með Lilju klára það verkefni.

Hlaupakarl Breiðabliks árið 2023 er: Thijs Kreukels

Thijs heldur áfram að sanna sig sem einn af fremstu hlaupurum landsins. Á meðal helstu afreka hans á nýliðnu ári ber að nefna Reykjavíkumaraþonið þar sem að hann hljóp á tímanum 2.59.13. Einnig hljóp hann 107,3 km í Bakgarðinum 101 og 80,85 km í Bakgarður Heiðmörk. Thijs tók þátt í mörgum hlaupum á árinu og var m.a. þriðji í sínum aldursflokki í Powerade hlauparöðinni þar sem hann náði sínum besta tíma í 10 km sem er 37.57 hlaupi. Það verður því gaman að fylgjast með þessum hlaupara toppa sig enn frekar á komandi ári.

Karate

Karatekona Breiðabliks árið 2023 er: Móey María Sigbórsdóttir McClure

Móey María Sigbórsdóttir McClure er burðarás í karatedeild Breiðablik og góð fyrirmynd í alla staði. Á árinu lagði Móey keppnisgallann á hilluna góðu og þökkum við henni kærlega fyrir hennar framlag í leik og starfi undanfarin ár. Glæsilegur keppnisferill að baki hjá henni sem hún getur verið stolt af. Móey mun hinsvegar halda ótrauð áfram að sjá um þjálfun, viðburði og ýmis verkefni hjá yngri flokkum í karatedeild Breiðabliks af sinni stöku snilli.

Karatekarl Breiðabliks árið 2023 er: Samúel Týr Sigbórsson McClure

Samúel Týr Sigbórsson McClure er öflugur keppandi í flokki fullorðinna í kata þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur verið í landsliði Íslands undanfarið og unnið til verðlauna bæði hér heima og erlendis.

Þar ber helst að nefna gull í liðakeppni í kata á Katapokallen mótinu, brons í liðakeppni á Norðurlandamótinu, silfur í hópkata á Íslandsmóti unglunga í kata, silfur á Íslandsmóti unglunga í kata, gull í hópkata á Íslandsmóti fullorðina, silfur á RIG í kata og brons á bikarmóti Karatesambandi Íslands.

Knattspyrna

Knattspyrnukona Breiðabliks árið 2023 er: Agla María Albertsdóttir

Agla María Albertsdóttir var næst markahæsti leikmaður efstu deildar Íslandsmótsins og jafnframt sú stoðsendingahæsta í deildinni. Hún tók við fyrirliðabandinu síðla sumar og leiddi Breiðablik til annars sætis sem gefur jafnframt þátttökurétt í evrópukeppni á komandi ári. Agla María lék auk þess 7 A landsleiki fyrir Ísland á árinu.

Knattspyrnukarl Breiðabliks árið 2023 er: Höskuldur Gunnlaugsson

Höskuldur Gunnlaugsson er fyrirliði meistaraflokks karla. Höskuldur hefur farið fyrir liði Breiðabliks sem komst fyrst íslenskra karlaliða í riðlakeppni hjá UEFA með þátttöku sinni í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar. Höskuldur var auk þess fyrirliði íslenska A landsliðsins í vináttu landsleik gegn Svíþjóð á árinu.

Kraftlyftingar

Kraftlyftingarkona Breiðabliks árið 2023 er: Sóley Margrét Jónsdóttir

Kraftlyftingakonan Sóley Margrét Jónsdóttir átti frábæru gengi að fagna á árinu. Þrátt fyrir að eiga enn eftir eitt ár í unglungaflokki (U23) keppir Sóley í fremstu röð í hópi fullorðinna á alþjóðavísu.

Á Evrópumeistaramótinu í Danmörku í maí gerði Sóley sér lítið fyrir og sótti gull og það með yfirburðum í flokki +84kg með því að lyfta samanlagt 660kg. Á mótinu hlaut hún gullverðlaun í hnébeygju með 270 kg lyftu, sem og í bekkpressu með 182,5 kg lyftu og silfurverðlaun í réttstöðulyftu með 207,5 kg.

Á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum, sem haldið var í Litháen, vann Sóley til silfurverðlauna í +84 kg flokki eftir harða baráttu um gullið með því að lyfta samanlagt 657,5 kg. Á mótinu vann hún gullverðlaun í hnébeygju með 277,5 kg, silfurverðlaun í bekkpressu með 180 kg og bronsverðlaun í réttstöðulyftu 200 kg.

Sóley varð svo stigahæst á Íslandsmeistaramótinu í bekkpressu ásamt því að sigra +84 kg flokkinn.

Kraftlyftingarkarl Breiðabliks árið 2023 er: Guðfinnur Snær Magnússon

Guðfinnur Snær Magnússon átti virkilega gott keppnisár.

Hér heima varð Guðfinnur stigahæstur karla á Íslandsmeistaramótinu í bekkpressu og Íslandsmeistaramótinu í réttstöðulyftu ásamt því að sigra í +120 kg flokki á báðum mótum.

Þá varð Guðfinnur bæði Vestur-Evrópumeistari í kraftlyftingum í +120 kg fl. og Vestur-Evrópumeistari á stigum þvert á alla þyngdarflokka með því að lyfta samanlagt 1015 kg. Þar lyfti hann 405 kg í hnébeygju, 300 kg í bekkpressu og 310 kg í réttstöðulyftu.

Á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum náði Guðfinnur svo 4. sæti í +120 kg fl. með 1027,5 kg í samanlögðum árangri. Sá árangur samanstóð af 7. sætinu í hnébeygju með 407,5 kg, 4. sæti í bekkpressu með 300 kg og 8. sæti í réttstöðulyftu með 320 kg.

Körfubolti

Körfuknattleikskona Breiðabliks árið 2023 er: Aníta Rún Árnadóttir

Aníta Rún var gríðalega mikilvægur leikmaður í Subway liði Breiðabliks og ekki skemmir fyrir hvað hún er mikill liðsmaður. Aníta er uppalin Bliki og leggur ávallt mikið á sig fyrir liðið, bæði innan sem utan vallar. Aníta var í mikilvægu hlutverk í liðinu í vetur og er mikill missir af því að sjá hana í Blikatrejgunni á parketinu.

Körfuknattleikskarl Breiðabliks árið 2023 er: Sölvi Ólason

Sölvi Ólason er einn af yngstu leikmönnum sem spila mikilvægar mínútur í efstu deild karla á þessu tímabili. Og þrátt fyrir ungan aldur þá er hann meira að segja leikstjórnandi liðsins.

Sölvi fékk á síðasta tímabili sínar fyrstu "alvöru" mínútur í Subway deildinni, það tækifæri nýtti hann svo sannarlega vel og sýndi að þarna væri mikið efni á ferðinni.

Sölvi hefur spilað vel í vetur og átti hann til að mynda frábæran leik í Þorlákshöfn þar sem hann skilaði 26 stigum á 28 mínútum auk þess að gefa 4 stoðsendingar og taka 2 fráköst.

Sölvi var hluti af U19 ára landsliði Íslands þrátt fyrir að vera á yngra ári liðsins en flestir eru á eldra ári eins og oftast er raunin. Landsliðið spilaði á Norðurlandamótinu og líka í A riðli Evrópumótsins þar sem þeir náðu þeim frábæra árangri að halda sér í A riðli.

Auk þess var Sölvi hluti af ungmennaflokki Breiðabliks sem vann Íslandsmeistaratitilinn ungmennaflokks á síðasta tímabili og í ár er liðið í efsta sætinu.

Sölvi er framtíðarleikstjórnandi Breiðabliks og sýnir hvern einasta dag framúrskarandi leiðtogaþæfileika.

Skák

Skákkarl Breiðabliks árið 2023 er: Vignir Vatnar Stefánsson

Vignir Vatnar hefur unnið ótal afrek á árinu.

Helst ber að nefna þegar Vignir varð Íslandsmeistari í skák ásamt því að hann kláraði stórmeistaratitilinn í mars og varð þannig sextándi stórmeistari Íslendinga.

Þar að auki varð hann Norðurlandameistari U20 í febrúar og í lok september tók hann svo 13.sætið á HM U20 í Mexíkó.

Með landsliði Íslands tefldi hann svo á 3.ja borði á EM landsliða í Svartfjallalandi í nóvember.

Vignir Vatnar er áberandi í íslensku skáklífi og er stórkostleg fyrirmynd fyrir ungmenni og börn sem æfa skák af kappi.

Á árinu stofnaði hann sinn eigin skákkennslu vef ásamt því að sinna afreksþjálfun í skák hjá Skákdeild Breiðabliks.

Skíði

Skíðakarlar Breiðabliks árið 2023 er: Björn Davíðsson

Björn keppti á 27 alþjóðlegum mótum á árinu og bestum árangri náði hann á belgíska landsmótinu í apríl þar sem hann hlaut 78.44 punkta í stórsvigi.

Sund

Sundkona Breiðabliks árið 2023 er: Freyja Birkisdóttir

Freyja varð á árinu tvöfaldur Íslandsmeistari í 50m laug í 800m og 1500m skriðsundi ásamt því að hafa verið á verðlaunapalli í fleiri greinum, bæði í 50m laug og líka í 25m laug.

Freyja Birkisdóttir er og hefur verið í A-landsliðinu í sundi um nokkurn tíma og farið á mörg stórmót fyrir Íslands hönd.

Hún fór m.a. á Evrópumeistaramót unglunga sem fram fór í Serbíu í sumar.

Freyja fór einnig á Smáþjóðaleikana sem haldnir voru á Möltu og þar tók hún fyrsta sæti í 4x200m skriðsundi (boðsund). Á sama móti lenti hún einnig í 3 sæti í 800m og 1500m skriðsundi og í 5 sæti í 400m skriðsundi.

Þess ber að geta að Freyja lenti í 3 sæti í 800m skriðsundi á síðasta norðurlandameistaramóti sem fram fór í Bergen í Noregi.

Sundkarlar Breiðabliks árið 2023 er: Ýmir Chatenay Sölvason

Ýmir tók þátt í nokkrum landsliðsverkefnum á árinu og sótti til að mynda verðlaun á Smáþjóðaleikana sem haldnir voru á Möltu. Þessi verðlaun voru 2.sæti í 4x100m skriðsundi (boðsund), og 3.sæti í 4x200m skriðsundi (boðsund) og 4x100m fjórsundi (boðsund).

Ýmir vann einnig til verðlauna á Íslandsmeistaramóti í 25m laug þar sem hann varð þriðji í 100m skriðsundi og annar í 200m og 400m skriðsundi.

Þríþraut

Þríþrautarkona Breiðabliks árið 2023 er: Ewa Przybyla

Ewa tók þátt í fjórum keppnum af sex hér innanlands á keppnistímabili ársins og tókst að lenda á verðlaunapalli í öll skiptin og vann m.a. sprettþrautina í Hafnarfirði.

Ewa kláraði einnig heilan IRONMAN Spáni.

Þríþrautarkarlar Breiðabliks árið 2023 er: Sigurður Örn Ragnarsson

Sigurður var valinn þríþrautarmaður ársins 2023 af Þríþrautarsambandinu en þetta er 6. árið í röð sem Sigurður er valinn þríþrautarmaður ársins hjá ÞRÍ. Sigurður vann 5 af 6 bikarmótum sumarsins og

varð Íslandsmeistari í ofursprettþraut og ólympískri þríþraut. Hann keppti jafnframt á heimsmeistaramótinu í Ironman og náði að vera í 82 sæti af 223 þrátt fyrir að hafa þurft að taka sér um korters pásu. Sigurður er einnig aðalþjálfari Þríþrautardeildar Breiðabliks.

Deildarbikar Breiðabliks 2023 hlýtur: Kraftlyftingardeildin

Kraftlyftingardeildin hefur staðið sig mjög vel bæði innan vallar sem utan ef svo má segja undanfarin ár. Rekstur deildarinnar er góður og verðlaunin hrannast inn. Þau kannski lyfta mjög þungt en andinn í Digranesinu er alltaf léttur eins og sést oft vel á facebooksíðu þeirra.

Til hamingju kraftlyftingardeild

Þjálfarabikar Breiðabliks 2023 hlýtur: Sigurður Örn Ragnarsson

Sigurður Örn Ragnarsson er vélaverkfræðingur að mennt frá Háskóla Íslands. Hann hefur stundað þjálfun og ráðgjöf í hreyfingu og heilsu síðastliðin ár hjá Greenfit.

Sigurður hefur verið yfirþjálfari Þríþrautardeildar Breiðabliks síðan haustið 2021 en þar áður var hann aðstoðarþjálfari félagsins. Sigurður sér alfarið um að smíða þjálfunarprogram deildarinnar og álagsstýrir æfingum.

Ásamt því að stunda þjálfun og smíða æfingaplan æfir Sigurður stíft og keppir í Þríþraut bæði innanlands sem utan. Hann er 6 faldur Íslandsmeistari í bikarkeppni Þríþrautarsambands Íslands og eitt af hans stærsta afrekum í keppnum erlendis var þegar hann kom fyrstur í mark í Ironman Barcelona 2022 og varð fyrstur Íslendinga til að sigr slíka keppni.

Sigurður er einstaklega geðgóður og ljúfur drengur. Hann er vélaverkfræðingur að mennt og hefur stundað þjálfun og ráðgjöf í hreyfingu og heilsu síðastliðin ár hjá Greenfit. Sigurður er vel liðin af félagsmönnum Þríþrautardeildarinnar sem og öðru íþróttafólki. Eina mögulega ástæðan til að líka ekki vel við hann er hversu ósigrandi hann er.

Til hamingju Sigurður!

Afreksbikar Breiðabliks 2023 hlýtur: Meistaraflokkur karla í knattspyrnu

Meistaraflokkur karla í Knattspyrnudeild Breiðabliks náði á árinu 2023 besta árangri sem íslenskt karlalið í knattspyrnu hefur nokkurn tímann náð í Evrópukeppni félagsliða.

Það gerðu þeir með því að sigr fjögur lið í formi útsláttarkeppni og tryggja sér þar með sæti í riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA.

Á meðal liðanna sem Blikarnir sigruðu voru landsmeistararnir frá bæði Írlandi og Makedóníu, þau Shamrock Rovers FC og FC Struga.

Ekki verður annað sagt en að Blikarnir hafi staðið sig með þrýði í riðlakeppninni þrátt fyrir sterka andstæðinga en af þessum sex leikum þá töpuðust fjórir einungis með allra minnsta mun.

Það að spila evrópuleiki á 2-4 vikna fresti fram í desember á þjóðarleikvangi okkar Íslendinga er nýjung fyrir okkur sem knattspyrnuþjóð en jafnframt mjög lærdómsríkt.

Umgjörðin, reglurnar og fjármunirnir sem eru undir frá UEFA eru gríðarlegir á okkar mælikvarða.

Þrátt fyrir að vera komnir langt út fyrir sitt venjulega íslenska tímabil hafa strákarnir og allt þeirra teymi sýnt mikla fagmennsku og metnað í þessu stóra verkefni.

Til hamingju meistaraflokkur karla

Félagsmálabíkar Breiðabliks 2023 hlýtur: Jón Jóhann Þórðarson

Jón Jóhann Þórðarson er einn af þessum einstaklingum sem gerir Breiðablik að því stórveldi sem það er í dag. Jón Jóhann vinnur verk sín fyrir Breiðablik með elju og ástundunarsemi án þess að ætlast til að fá eitthvað í staðin.

Hann hóf sinn sjálfboðaliðsferil í gegnum börnin sín eins og margir Blikar. Hann var til dæmis umsjónarmaður frá árinu 2008 í gegnum alla yngri flokka í knattspyrnu hjá syni sínum Tómasi Bjarka.

Árið 2016 kom hann síðan inn í stjórn Blikaklúbbsins, stuðningsmannaklúbbs knattspyrnudeildar, og var strax kosinn gjaldkeri klúbbsins. Því starfi hefur hann gegnt allar götur síðan. Það er mikil vinna að vera gjaldkeri Blikaklúbbsins því það eru endalausar breytingar á kortum og greiðslufyrirkomulagi hjá félagsmönnum. Því þarf að fylgja strax eftir til að klúbburinn tapi ekki tekjum.

Einnig hefur Jón Jóhann ásamt Erni Örylgssyni formanni Blikaklúbbsins verið prímusmótórinn í að skipuleggja sölu á Blikavarningi á heimaleikjum og öðrum stórleikjum deildarinnar. Því fylgir oft en ekki töluvert umstang sem hefur jafnvel gert það að verkum að heimilisbílinn kemst ekki í bílskúrinn hjá Jóni í Háulindinni því Blikadótið hefur tekið það mikið pláss.

Jón Jóhann er líka ávallt reiðubúinn að leggja Blikunum lið þegar ýmsar uppákomur og skemmtanir eru í gangi. Hann var til dæmis í Sjoppunefndinni í 2 ár og það eru ekki margar skemmtanir eða uppákomur undanfarin 15 ár þar sem Jón Jóhann hefur ekki komið að með einum eða öðrum hætti.

Til hamingju Jón Jóhann!